



Innkaupa- og framkvæmdaráð

Reykjavík, 7. apríl 2026
USK26020293

Hæðargarður 27a – „Leikskólinn Jörfi kennslustofur, - Hönnun, smíði og lóðafrágangur“

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð þann 25. mars 2026 og skiluðu sjö fyrirtæki inn tilboði.

Við mat á tilboðum var litið til verðtilboðs í samræmi við skilmála útboðsgagna. Um er að ræða almennt útboð í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016, útboðið var auglýst innanlands.

Um heildarsamningsfjárhæð er að ræða. Verklök eru áætluð 30. mars 2027.

Lagt er til við Innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að lágsta gilda tilboði Terra einingar ehf. að fjárhæð 183.854.213 kr. með vsk. Fyrirtækið hefur staðist fjárhagsskoðun innkaupaskrifstofu og tæknilegt mat skrifstofu framkvæmda og fasteignaþjónustu.

Virðingarfyllst,
Gréta Þórsdóttir Björnsson

Staðgengill skrifstofustjóra framkvæmda og fasteignaþjónustu
Umhverfis- og skipulagssvið

Hjálagt: Opnunarfundargerð útboðs nr. 16269 - [16269 Leikskólinn Jörfi – kennslustofur, hönnun, smíði og lóðafrágangur.pdf](#)

Árið 2026, þann 25. mars kl. 10:00 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í útboði umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar nr. 16269 „Leikskólinn Jörfi – kennslustofur, hönnun, smíði og lóðarfrágangur“.

Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Eva Björk Hickey.

Á tilboðsfresti voru birtir tveir viðaukar.

Eftirfarandi tilboð bárust:	Heildartilboðs- verð með vsk		
1 Fólkvangur ehf.	Kr	167.957.060	75,46%
2 Atlas Verktakar ehf.	Kr	201.973.450	90,74%
3 B.Ó. Smiðir ehf.	Kr	185.923.475	83,53%
4 Fagurverk ehf.	Kr	186.797.200	83,93%
5 MG-Hús ehf.	Kr	196.358.050	88,22%
6 Terra Einingar ehf.	Kr	183.854.213	82,60%
7 SG Hús	Kr	229.616.677	103,16%
Kostnaðaráætlun	Kr	222.575.956	100,00%

Fleiri tilboð bárust ekki.

Opnun tilboða lokið kl. 10:15